



**Afmæliskevðja
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
til
Björgunarfélags Vestmannaeyja**

Við þekkjum öll hvernig saga lands og þjóðar hefur varðveitt annála um glímu manns og náttúru, hvernig öflin sem búa í iðrum jarðar og úfnu hafi, í hamskiptum veðra og vinda hafa skapað hið sérstaka samspil sem mótar íslenska tilveru og er samgróid lífi okkar og sjálfsvitund.

Við höfum löngum tekið örlögum okkar í erfiðu en fögru landi og sætt okkur við þá áhættu sem fylgt hefur því um aldir að sækja björg í bú við strendur Íslands.

Við kunnum sögur og ljóð um hetjulegar fórnir og mannskaða, um sorgina sem helltist yfir bæ og byggð þegar fréttir bárust um að þrútið loft og þungur sjór hefðu verið váboðar mikilla mannfórna.

Í byggðarlögum allt í kringum landið hafa björgunarsveitirnar verið kjarninn í samstöðu íbúanna, laðað saman krafta ólíkra einstaklinga og bundið bönd tryggðar og hollustu meðal fólks úr ólíkum stéttum og með mismunandi skoðanir og stefnumið.

Björgunarfélag Vestmannaeyja er öflugur fulltrúi fornþýsi og framtaks sem Íslendingar hylla glaðir og þakklátir í huga. Dugnaður, atorka og samstaða Vestmanneyinga hafa sett sterkan svip á langa og árangursríka sögu félagsins.

Björgunarfélagið hefur verið frumkvöðull á mörgum sviðum. Það hefur vísað veginn í rekstri björgunarskipa, haft forystu um þjálfun og menntun og hvatt til framkvæmda sem komið hafa mannlífi í Vestmannaeyjum til góða á margvíslegan hátt.

Á þessum merku tímamótum færi ég Björgunarfélaginu þakkir og hamingjuóskir og flyt félaginu einlæga ósk Íslendinga um að sóknarkraftur, frumkvæði og samstaða megi um alla framtíð vera aðalsmeki Björgunarfélags Vestmannaeyja.

(undirskrift)